



## Kirkjubólshreppur: Borholumælingar og tillögur um framhald

**Kristján Sæmundsson, Grímur Björnsson**

**Greinargerð KS-GrB-2002-07**

## **Kirkjubólshreppur: Borholumælingar og tillögur um framhald**

Í desember 2001 lauk borunum á Þorpum með því að hola 8 var dýpkuð um 200 m, frá 906 í 1104 m. Ekkert vatn kom í holuna á þeim kafla. Þegar það lá fyrir var ákveðið að bæta við 100-110 m djúpum hitastigulsholum á miðkafla heitustu spildunnar ef þannig mætti greina hvar aðaluppstreymið í jarðhitakerfinu lægi. Hitafrávikið er um 300 m breitt og djúpu hitastigulsholurnar ná yfir 260 m bil innan þess (mynd 1).

Dagana 6.-7. apríl s.l. voru holurnar hitamældar og hola 8 hallamæld. Vatnssýni var tekið úr henni og settur hívert á rennslið til að sjá niðurdrátt við aukningu. Þessi gögn og önnur sem fyrir lágu um jarðhitann hafa síðan verið skoðuð og metið hvað helst komi til greina varðandi framhaldið.

Hola 8 reyndist vera stífluð í 920 m. Lamið var á fyrirstöðunni með lóði, og gekk hún við það niður um 10 m. Líkast til hefur steinn fallið í holuna úr holuveggnum ofar og skorðast þarna. Sýnishorn loddi neðan í lóðinu úr kolummynduðu bergi, sem bendir til að hrunefnið sé ekki komið langt ofan að. Neðstu 174 m holu 8 eru lokaðir til mælinga. Hins vegar er ljóst að engar æðar eru á þeim kafla, og fara má nærrí um hallann út frá mælingunum ofar. Svarfsýni eru einnig til af lokaða kaflanum.

### **Um holu 8**

Hola 8 mældist örlítið heitari en í fyrri mælingu sem gerð var eftir 906 m áfangann, enda lengra liðið frá borun (mynd 2). Æð í 385 m kemur glöggt fram, og úr henni er það litla rennsli sem kemur úr holunni (0,01 l/s). Holan er kaflaskipt í hita. Frá yfirborði niður í 400 m hitnar hún eftir 135-140°C/km-stigli. Þar fyrir neðan hitnar hún eftir rúmlega 200°C/km-stigli niður í 550 m. Og síðan eftir 20°C/km-stigli niður fyrir 900 m. Hitaprófíllinn bendir til að lóðrétt hræringarkerfi með rúmlega 100°C vatni sé neðan 550 m. Þar yfir er “þétt” þak (að hluta þykk setlög, mynd 3). Einhvers staðar streymir upp úr því og út í vatnsleiðandi lög ofan 400 m, en lítið þaðan upp til yfirborðs. Hola 8 er nærrí uppstreyminu, varla mikil yfir 100 m frá. Vatnið í jarðhitakerfinu er ísalt sem sýnir að endurnýjun í því kemur að einhverju leyti frá sjónum. Hallaprófíll holu 8 er sýndur á mynd 4. Holan er nokkuð bein niður í 500 m, en þar neðan við sveigir hún í norðvestur eða vestnorðvestur og bætir í hallann eftir því sem neðar kemur. Holubotn er 60-70 m vestan við holutopp, þ.e. nokkurn veginn undir holu 10 (mynd 1). Með skekkjunni sem kom á holu 8 fékkst prófun á vatnsgæfni yfir 50-60 m bil neðan 500 m dýpis, en hún reyndist vera sáralítill (mynd 5).

### **Um grunnu holurnar**

Hitastigulsholurnar sem fyrst voru boraðar voru 50 m djúpar nema hola 5 sem var 60 m. Stigullinn í þrem þeim heitustu, 4, 7 og 5 reiknaðist  $132^{\circ}\text{C}/\text{km}$ . Milli 4 og 5 (á endunum) eru 280 m. Þegar fyrir lá að hola 8 gæfi ekkert var bætt við fjórum 110 m djúpum hitastigulsholum. Hitamunur á þeim gæti sýnt hvorum megin við holu 8 uppstreymið væri. Stigull í þeim reyndist mjög líkur og í grunnu holunum. Hitaferillinn í tveim, 9 og 12 var truflaður af rennsli milli æða. Vatnsborð í grunnu holunum er á sama dýpi í öllum, 1,4 m, nema í vatnstrufluðu holunum. Í holu 12 stendur vatnsborð 50 cm hærra, en í holu 9 er það 4,5 m neðar. Sú er hins vegar 2 m ofar í landinu en hinar holurnar. Í stað þess að teikna hitaferlana er niðurstaðan sýnd sem mældur hiti á 50 m (allar holurnar) og 100 m dýpi (fjórar dýpstu holurnar). Hitamunurinn er svo lítill að ekkert er upp úr honum leggjandi varðandi nálægð við uppstreymi (myndir 5 og 6).

### **Efnainnihald í vatninu**

Í sýninu sem tekið var af vatni úr holu 8 verður einungis efnagreint klóríð og kísill. Klóríð segir til um seltuna, en kísillinn gefur hugmynd um hitann í vatnskerfinu.

ENN sem komið er hefur aðeins klóríð (selta) verið greint í vatnssýninu úr holu 8. Styrkur þess er rúmlega 1500 mg/l, álíka og hjá Hitaveitu Seltjarnarness. Klóríð í hitaveituvatninu á Drangsnesi er 183,5 mg/l.

### **Prýstiástand í jarðhitakerfinu**

Prýstingur vatnskerfisins í holu 8 er lágur, aðeins  $\frac{1}{2}$  m yfir jörð. Til þess bendir einnig að rennsli úr henni hefur verið nánast óbreytt frá byrjun. Við blástursprófun í boráföngum og í lok borunar gaf hún einungis um 2 l/s í rennsli. Hún var nokkuð fljót að fylla sig upp í 20-30 m, en síðan gekk hægar, enda hefur þá kólnun vatnsins farið að segja til sín. Augljóslega er leiðariðn sem holan tengist tregur. Lágur prýstingur í vatnskerfi er af hinu góða, því að meira vatn fæst úr lágþrýstum holum en háþrýstum við niðurdrátt vatnsborðs, ef holurnar á annað borð gefa eitthvað. Prófað var að auka við rennslið úr holu 8 með híverti. Við það fór rennslið úr 0,01 í 0,06 l/s við 65-70 cm niðurdrátt. Tölnnar eru lágar en sýna það sama og vatnsborðshækkun eftir loftdælingu (mynd 7), að láréttu æðakerfið í 380-400 m er mjög tregt.

### **Um láréttu leiðaranum**

Vatnið í láréttu leiðaranum á 385-400 m dýpi er um  $60^{\circ}\text{C}$  heitt. Eldri mælingar sögðu  $57-58^{\circ}\text{C}$ , en nýja mælingin  $59-60^{\circ}\text{C}$ . Þetta heitt vatn væri vel til einhvers nýtanlegt á staðnum, og jafnvel mætti leiða það á næstu bæi, alla vega ef síðasta mælingin er rétt. Flest bendir samt til að vatnslekt sé treg í láréttu leiðaranum, en lektin gæti verið mismikil eftir afstöðu til bergganga og þó einkum nálægð við aðaluppstreymið úr djúpa leiðaranum.


## *Niðurstaða og framhaldsaðgerðir*


Til að komast að því hvar uppstreymið er þyrfti að bora niður í láréttu leiðarann á 385 m dýpi og finna hvar heitast er í honum. Sá möguleiki er ekki fráleitur eins og staðan er nú. Holur 9 og 11 bjóða upp á slíka aðgerð. Þær eru sitt hvoru megin við holu 8 og álíka langt frá henni. Þær eru 110 m djúpar og fóðraðar með 8" í berg, en að vísu er fóðringin í báðum ósteyppt. Auk þess sem upplýsingar fengust um hita og lekt sem gagnast myndu til að finna djúpa, 110°C leiðarann, fengist mat á það hvers grunni, 60°C leiðarinna er megnugur. Því er lagt til að holur 9 og hola 11 verði dýpkaðar niður í 500 m. Bordýpið er valið með hliðsjón af þykkum setlögum á 400-500 m dýptarbilinu (mynd 3). Einhver vatnsdreitill kom fram innan um þau í holu 8, en þau litu út fyrir að vera varasöm með tilliti til hruns, og var steyppt í þykkasta lagið frá 441 m niður í 511 m. Ekki er meiningin að steypa í setlögini í holunum sem verða dýpkaðar, heldur verður látið á það reyna hvernig þau standa og hvort vatn fæst úr þeim. Raunar ætti kaflinn frá 400 m niður í 500 m ekki að gefa neitt, því að stigullinn er hæstur og jafn á þeim kafla ( $>200^{\circ}\text{C}/\text{km}$ ) og varmaflutningur gegnum hann verður einungis með varmaleiðni gengnum bergmassann. Hins vegar gefur stigullinn á þessum kafla viðbótarupplýsingar um nálægð 110°C heita djúpleiðarans. Ákvörðun um framhald veltur á niðurstöðu þessa áfanga.

*Kristján Sæmundsson*  
Kristján Sæmundsson

*Grímur Björnsson*  
Grímur Björnsson

12 Apr 2002 GrB





fyrri áfanga lánk 3.11. 2001

Dýpi 1104m



Staður: Porpar Hola 8


Bor: Ræktunarsamband/Trölli Dýptarbil: 330-800m Staðarnúmer: 40808

Holunafn: GR-08

Tegund borunar: Hamar/rotary

Skolun: Loft/vatn

Starfsmenn: KS/SSJo



Skýringar

Fínkorna basalthraunlag. Mjög rauft vegna oxunar.  
Þétt og innskotalegt meðalkorna basalt, blöðrulaust.

Glerjað basalt, sennilega kontaktberg, mikið af málmi.  
Svart grófkorna þétt basalt, lístil ummyndun. Innskot?  
Hraunlög, upphleðsluberg, blöðrótt, px dflottl.  
Fremur ljóst grófkorna basalt. Patchy oxun. Gangur?

Fínkorna hraulag.  
Millilag, ljóst efst en rauft neðstu 6 m.  
Nýtt hraunlag, kökkt meðalkorna blöðrótt vottur af stilbiti.  
Fínkorna blöðrótt brúnleitt hraunlag.

Svart fínkorna basalt líftið af útfellingum vottur af cc.  
Kargi, neðsti hluti hraunlagsins.

Surtarbrandur.  
Gjörkutúff, eða gjóskulegt millilag, ljósgrænt.  
Sama, grænleitt eða brúnt línt berg, mest úr gleri og bergbrotum, líkist gjóskutúffi.  
Hraunlag, ljósgrátt fínkorna basalt, nokkuð kargablandað.

Hraunlag, mikið af sprungufyllingum. Hugsanlega laumontít, smá kargalag um miðbikið.  
Svart þétt basalt.  
Hraunlag, þétt svart fínkorna.

Fínkorna hraunlag, blandað steypu.  
Fínkorna hraunlag  
Hreint hraunlag.  
Haunlög, eitt eða fleiri, vottur af cc.  
Hraunlag.  
Hraunlög, léleg upplausn í svarfinu.

Nokkuð þykkt greinilegt millilag.  
Þunnt millilag.  
Hraunlag, mikið af útfellingum, gæti verið æð eða sprunga.


Ljóst hraunlag, allnokkuð ummyndað. Sker sig úr frá hinum hraunlögunum í holunni.  
Rauft millilag.

Rauðoxað hraunlag.  
Þykkt millilag, rauft, neðri hlutinn grár



Hraunlag, meðalkorna holufylt lískt og verið hefur.  
Dekkra og grófara hraunlag.

Millilag blandað í svarfinu.  
Útfellingarfkt ljóst mikið ummyndað, gæti verið millilag.  
Meðalkorna, fremur gróft þó, gæti verið gangur

Ljóst mikið ummyndað lag, gæti verið hvað sem er, bakaður kontaktur líklegast.  
Innskot eða gangur, meðal til grófkorna basalt.




Halla- og stefnumælingar úr skránni hallagogn.1  
Holubotn er 39.1 m frá holutoppi (lárétt) í stefnu  $321.0^\circ$ , raundýpi 918.4 m





Mælistæðir halla og stefnu eru sýndir með punktum.  
Bordýpi nokkurna þeirra er einnig sýnt.

Hítastigull í borholum  
á Grund í Kirkjubólsþreppi



Holtunúmer og fjarlægð milli hola





7